

Ár 2008, miðvikudaginn 16. júlí, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 8/2008:

A
og
B.

Úrskurðinn kveða upp Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, Arnfríður Einarsdóttir lögfræðingur og sr. Hreinn Hákonarson.

Upp er kveðinn svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er A, sbr. erindi hans til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar dags. 28. apríl 2008. Erindi málshefjanda beinist að B.

2. KRÖFUGERÐ

Málshefjandi krefst þess að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar ákveði að gagnaðili hafi:

1. Ekki beitt sér fyrir lausn ágreinings vegna skírnar dóttur hans á kirkjulegum vettvangi.
 2. Brotið friðhelgi bréfaskrifta með því að hnýsast í bréf sem hann sendi á Biskupsstofu, stíflað á úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.
 3. Ekki sinnt starfi sínu af alúð og samviskusemi í hvívetna.
 4. Ekki farið eftir boði Krists.
 5. Ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni.
 6. Ekki gætt lipurðar og réttisýni í starfi.
 7. Ekki reynst maður orða sinna þegar á reyndi
- og grípi til viðeigandi úrræða gagnvarp gagnaðila.

Þá krefst málshefjandi þess að nefndin fái annan mann til að sinna embætti biskups í þessu máli, telji nefndin að hann hafi brugðist í störfum sínum og sé ekki traustsins verður.

3. MÁLAVEXTIR

Málavöxtum lýsir málshefjandi svo að hann hafi hinn 19. febrúar 2008 farið með erindi til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar á Biskupsstofu. Réttum mánuði síðar hafi hann farið á fund gagnaðila og má ráða af samhengi að það hafi verið vegna skírnar dóttur málshefjanda í ...kirkju 2. febrúar 2008. Málshefjandi hafi þá komist að því að gagnaðili vissi um erindi hans til úrskurðarnefndarinnar sem og starfsmaður á Biskupsstofu. Á fundinum 19. mars sl. hafi gagnaðili viljað sem minnst segja um skírnina. Málshefjandi er ósáttur við að gagnaðili skyldi ekki taka á kvörtun hans vegna skírnarinnar með vísan til þess að málið væri komið til meðferðar úrskurðarnefndarinnar og vísar í því sambandi til bréfs gagnaðila dags. 3.

apríl, þar sem svarað var erindi málshefjanda frá 1. apríl. Málshefjandi telur að gagnaðili hafi átt að láta málið til sín taka þó erindinu hafi af hans hálfu verið vísað til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.

4. NIÐURSTAÐA

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir að rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða ef starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot þá geti hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. 13. gr. sömu laga.

Sérstakar starfsreglur hafa verið settar um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998. Samkvæmt 5. gr. starfsreglnanna skal úrskurðarnefndin, þegar beiðni um úrlausn hefur borist henni, meta hvort úrlausnarefnið heyri undir nefndina. Í því felst að meta hvort úrlausnarefnið teljist ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða hvort um siðferðis- eða agabrot sé að ræða.

Í úrskurði sínum vegna mála 2, 3 og 4/2008 komst áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar að því að ágreiningur á kirkjulegum vettvangi skyldi telja ágreiningur innan þjóðkirkjunnar en ekki ágreiningur milli þjóðkirkjunnar eða einstakra starfsmanna hennar og þeirra sem standa utan hennar. Í siðferðis- og agabroti felist þegar einhver sem hagsmuna á að gæta sakar starfsmann þjóðkirkjunnar um slíkt brot.

Kröfugerð málshefjanda er sprottin af því að hann er ósáttur við að gagnaðili skuli ekki hafa tekið til sjálfstæðrar meðferðar kvörtun hans vegna þess að C skírði dóttur hans 2. febrúar 2008. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hefur þegar kveðið upp úrskurð vegna skírnar dóttur hans 2. febrúar 2008. Það er almenn regla í stjórnslu að ef erindi hefur verið beint til úrskurðarnefndar, eins og úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar er þá sinni annað stjórnvald, eins og Biskupsstofa telst í þessu samhengi, erindinu ekki.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að aðrar athugasemdir málshefjanda vegna samskipta hans og gagnaðila af þessu tilefni teljist ekki ágreiningur á kirkjulegum vettvangi og vísar í því sambandi til túlkunar áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar, sem rakin er hér að framan.

Þegar af þessum ástæðum telur úrskurðarnefndin að efnisleg umfjöllun um erindi málshefjanda falli ekki undir nefndina.

Erindi málshefjanda er vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar ákvað að bíða með afgreiðslu erindisins þangað til fyrir lægi niðurstaða áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar vegna mála nr. 2/2008, 3/2008, 4/2008 og 5/2008. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar vísaði öllum málunum frá nefndinni og málshefjandi skaut þeirri niðurstöðu til áfrýjunarnefndarinnar.

Úrskurðarorð:

Vísað er frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kröfu málshefjanda A um að B hafi:


1. Ekki beitt sér fyrir lausn ágreinings vegna skírnar dóttur hans á kirkjulegum vettvangi.
2. Brotið friðhelgi bréfaskrifta með því að hnýsast í bréf sem hann sendi á Biskupsstofu, stílað á úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

3. Ekki sinnt starfi sínu af alúð og samviskusemi í hvívetna.
4. Ekki farið eftir boði Krists.
5. Ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni.
6. Ekki gætt lipurðar og réttisýni í starfi.
7. Ekki reynst maður orða sinna þegar á reyndi.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum var tilkynnt um hann.¹

Reykjavík, 16. júlí 2008.


Dögg Pálsdóttir


Arnfríður Einarsdóttir


sr. Hreinn Hákonarson

¹ Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjart og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.